

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Sveitarstjóri Dalabyggð
Sent: þriðjudagur, 8. júní 2021 17:55
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: FW: UMH20040040 Kjósasvæði sameininst öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum

From: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>
Sent: þriðjudagur, 8. júní 2021 09:50
To: Dalir <dalir@dalir.is>;
Cc:
Subject: UMH20040040 Kjósasvæði sameininst öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum

Sæl og blessuð,

í framhaldi af erindi Mosfellsbæjar, dags. 3. apríl 2020, og erindi frá Seltjarnarnessbæ, dags. 5. maí 2020, varðandi mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum hefur ráðuneytið og sveitarfélög á starfssvæði heilbrigðiseftirlitssvæðis Kjósarsvæðis, heilbrigðiseftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og heilbrigðiseftirlitssvæði Vesturlands unnið að sameiningu svæða eins og ykkur er kunnugt um.

Ráðherra getur skv. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð. Ráðuneytið hefur verið í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, fengið umsögn Umhverfisstofnunar um málið og upplýst Samband íslenskra sveitarfélaga um það. Unnin hafa verið drög að reglugerð. Drög að reglugerð um sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða eru komin í kynningu í samráðsgátt, sjá mál nr. 127/2021: <https://samradstjornbord.island.is/mal/2996>. Stefnt er að því að breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum taki gildi eigi síðar en 1. september nk.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef þörf er á.

Kv. SSæm

	Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland Sími / Tel: (+354) 545 8600 www.umhverfisraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer
--	--

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

